

## **REGLUGERÐ** **fyrir Orlofssjóð Einingar-Iðju.**

---

### **1. grein:**

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Einingar-Iðju.

### **2. grein:**

Tilgangur sjóðsins er: Að stuðla að byggingu orlofsheimila og auðvelda fólki að njóta orlofsdvalar. Tilganginum skal ná með því m.a.:

- a) Að kaupa eða byggja orlofshús eða íbúðir fyrir eigin reikning.
- b) Að greiða að meira eða minna leyti kostnað vegna orlofsdvalar félagsmanna í orlofshúsum eða íbúðum í eigu sjóðsins eða annarra.
- c) Skipuleggja orlofsferðir fyrir félagsmenn innanlands og utan og taka þátt í kostnaði vegna þeirra.
- d) Standa fyrir kynningar- og fræðslustarfi í sambandi við nýtingu orlofs.

### **3. grein:**

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma.
- b) Húsaleigutekjur vegna orlofshúsa og íbúða í eigu sjóðsins.
- c) Vaxtatekjur.

### **4. grein:**

Stjórn Einingar-Iðju er jafnframt stjórn Orlofssjóðs og annast fjárreiður hans. Stjórnin tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna. Ferðanefnd annast undirbúning og skipulagningu einstakra orlofsferða. Aðalfundur ár hvert kýs fjóra félagsmenn í nefndina, og skulu þeir ekki eiga sæti í stjórn félagsins, en auk þeirra á formaður, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni.

### **5. grein:**

Laust fé orlofssjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparissjóði á félagssvæði Einingar- Iðju, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar orlofssjóður þarf á fé sínu að halda.

### **6. grein:**

Þegar svo ber við, að fleiri félagsmenn sækja um afnot af orlofshúsum eða íbúðum sjóðsins, þátttöku í orlofsferðum á vegum hans eða önnur hlunnindi af hans hálfu en hægt er að verða við á hverjum tíma, getur stjórn sjóðsins sett sér starfsreglur, sem m.a. fela í sér, að þeir, sem verið hafa félagsmenn um tiltekið árabil, gangi fyrir, eða að ákveðinn tími þurfi að líða milli þess sem sami félagismaður nýtur hlunninda frá sjóðnum.

### **7. grein:**

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki, að 2/3 hlutar atkvæða séu þeim fylgjandi.

**Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundum Einingar og Iðju í maí 1999.**